



Hörgársveit

Fréttabréf

23. mars 2023 | 14. árgangur 3. tölublað

Sundlaugin á Pelamörk - Páskaopnun

6. apríl	Skirdagur	11 - 18
7. apríl	Föstudagurinn langi	11 - 18
8. apríl	Laugardagur	11 - 18
9. apríl	Páskadagur	11 - 18
10. apríl	Annar í páskunum	11 - 18



Viðburðir á döfinni



Árshátíð Pelamerkurskóla

Fimmtudaginn **30. mars** kl. 16:00 er árshátíð skólans í íþróttahúsinu á Pelamörk. Húsið opnar kl. 15:30, miðaverð 1.500 kr 10 ára og eldri. Súpa, brauð og kökur eftir sýningu í matsal skólans. 2.000 kr. fyrir 13 ára og eldri, 500 kr. fyrir 6-12 ára. **ATH! Enginn posi.**



Æskulýðsmessa í Möðruvallakirkju

Sunnudaginn **2. apríl** kl. 16:00 verður haldin æskulýðsmessa, ungt fólk af ýmsu tagi lætur ljós sitt skína.



Íþróttaskóli Smárans

Laugardaginn **8. apríl** býður Smárinn upp á íþróttaskóla á Pelamörk kl. 9:30, skiptið kostar 500 kr. á barn.



Hátíðarmessa á páskadag í Möðruvallakirkju

Sunnudaginn **9. apríl** verður haldin hátíðarmessa kl. 13:00.



Félagsstarf íbúa 60+ í Hörgársveit

Föstudaginn **14. apríl** kl. 20:00 verður kráarkvöld í leikhúsinu á Möðruvöllum, lifandi tónlist og gleði verða við völd.



Fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar er fimmtudaginn **27. apríl** kl. 9:15 á skrifstofu sveitarfélagsins.



Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 23. febrúar 2023 kl. 09:15 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Belamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Jón Þór Benediktsson, Ásrún Árnadóttir, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

Ásrún Árnadóttir og Jón Þór Benediktsson viku af fundi og í stað þeirra tóku Vignir Sigurðsson og Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir sæti á fundinum.

1. Skólaakstur

Umræður um fyrirkomulag skólaaksturs og fyrirsjáanlegar breytingar á fjölda barna og akstursleiðum.

Sveitarstjórn samþykkti að bjóða út skólaakstur í sveitarfélaginu á grundvelli reglna um opinber innkaup þar sem upphæð heildarfjárhæðar á þjónustu-kaupum er yfir viðmiðunarfjárhæð. Unnið verði að útboðsgögnum og samráð haft við skólafirvöld og foreldra. Útboðsgögn verði lögð fyrir næsta fund.

Ásrún Árnadóttir og Jón Þór Benediktsson komu til fundar.

2. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 21.03.2023

Fundargerðin lögð fram og er hún í 10 liðum og þarfnast 8 liðir afgreiðslu.

a) Í lið 1, Moldhaugar/Skútar, deiliskipulag

Á fundi nefndarinnar þann 21. febrúar 2023 voru allar innkomnar athugasemdir afgreiddar að frátöldum einum lið í erindi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa nú fundað með HNE vegna athugasemdar sem snýr að skilmálum um umgengni á geymslusvæði á deiliskipulaginu og fyrir liggur tillaga að úrbótum varðandi umgengnisreglur sem fram koma í kafla 3.11 í greinargerð auglýstrar skipulagstillögu.

Sveitarstjórn samþykkti að skilmálum verði bætt við umgengnisreglur í kafla 3.11 í greinargerð deiliskipulags í samræmi við sjónarmið sem fram komu í athugasemd HNE, sjá athugasemd 2b í 1. lið fundargerðar skipulags- og umhverfisnefndar frá 21. febrúar 2023. Sveitarstjórn samþykkti deiliskipulagstillöguna sem breytt hefur verið á ofangreindan hátt, og samkvæmt afgreiðslu nefndarinnar á fyrrnefndum fundi á öðrum athugasemdum sem bárust vegna auglýsingar deiliskipulagstillögu, skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er skipulagsfulltrúa falið að fullnusta gildistöku skipulagsins.

b) Í lið 2, Glæsibær áfangi 3, skipulagslýsing

Kynningartímabili skipulagslýsingar fyrir Glæsibær áfangi 3 í landi Glæsi-bæjar, sem að skilgreint er sem landbúnaðarsvæði lauk 3. mars sl. og bárust 21 erindi. Skipulags- og umhverfisnefnd fjallaði um innkomin erindi.

Sveitarstjórn samþykkti að skipulagshönnuði verði falið að hafa hliðsjón af innkomnum erindum við gerð skipulagstillögunnar. Jafnframt er skipulags-fulltrúa falið að óska eftir sérfræðiúttekt á landbúnaðarlandi, skógrækt og áhrif aukinnar umferðar sem haft verði til hliðsjónar við áframhaldandi vinnslu skipulagstillögunnar.

c) Í lið 3, Lækjarvellir land 2, breyting á deiliskipulagi

Kynning á fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi stendur yfir.

Sveitarstjórn samþykkti að deiliskipulagstillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að lokinni kynningu.

d) Í lið 4, Akureyrarbær, svæði fyrir litabolta í landi Blómsturvalla

Framhald umræðu frá síðasta fundi. Lagðar fram upplýsingar er óskað var eftir.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu í grenndarkynningu samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt verði að stytta grenndarkynningartímabil ef allir hagsmunaaðilar lýsa því yfir skriflega að ekki sé gerð athugasemd við áformin. Ef ekki berast andmæli á grenndarkynningartímabili verði ekki gerð athugasemd við að litboltasvæðið verði sett upp í samræmi við ábendingar frá Vinnueftirlitinu og HNE. Jafnframt þarf viðkomandi að sækja um starfsleyfi hjá HNE.

e) Í lið 5, Jötunheimar, afmörkun byggingarreits

Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir afmörkun byggingarreits fyrir gripahús.

Sveitarstjórn samþykkti byggingarreitinn í samræmi við framlagðan uppdrátt.

f) Í lið 6, Brekkuhús 7 og 8 Hjalteyri ósk um breytingu á deiliskipulagi

Tillaga að breytingu lögð fram. Um er að ræða óverulega breytingu.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa erindinu í grenndarkynningu samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Heimilt verði að stytta grenndarkynningartímabil ef allir hagsmunaaðilar lýsa því yfir skriflega að ekki sé gerð athugasemd við áformin. Ef ekki berast andmæli á grenndarkynningartímabili telst erindið samþykkt.

g) Í lið 8, erindi frá foreldrafélagi Þelamerkurskóla v. umferðarhraða

Erindið lagt fram þar sem foreldrafélag Þelamerkurskóla lýsir yfir áhyggjum af miklum umferðarhraða í nágrenni skólans. Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur foreldrafélagsins og samþykkti að fulltrúar sveitarfélagsins ræði erindið við Vegagerðina og fari fram á úrbætur.

h) Í lið 9, Dagverðartunga/Tungusel, afmörkun lóðar

Umsóknin lögð fram þar sem sótt er um afmörkun lóðar fyrir íbúðarhús.

Sveitarstjórn samþykkti afmörkun lóðarinnar í samræmi við uppdrátt, enda verði þinglýst kvöð á umlykjandi land um veltengingu og lagnir að lóðinni. Lóðin fái heitið Tungusel. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að heiti landnúmersins L-224562 verði breytt úr Tunguseli í Dagverðartunga 3

3. Fundargerð fjallskilaneftar frá 21.03.2023

Fundargerðin lögð fram og er hún í 4 liðum og þarfnast 1 liður afgreiðslu.

a) Í lið 1, minnisblað vegna ágangs búfjár

Til fundar mætti Ólafur Rúnar Ólafsson lögmaður og fór yfir minnisblað um ágang búfjár sem tekið var saman af Samb. Ísl. sveitarfélaga í framhaldi af álitum umboðsmanns Alþingis og úrskurði Dómsmálaráðuneytisins.

Sveitarstjórn samþykkti að sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins verði falið að leita samstarfs við önnur sveitarfélög um að koma að sjónarmiðum sveitarfélaganna þar sem svo háttar til m.a. að sameiginleg beitarlönd og afréttarlönd liggja í eignarlöndum. Jafnframt að staðinn verði vörður um nýtingu beitarlanda enda er landbúnaður ein af undirstöðu atvinnugreinunum í sveitarfélaginu.

4. Fundargerðir afgreiðslufunda SBE frá 51. og 52. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

5. Fundargerðir stjórnar SBE frá 7.12.22 og 9.3.23

Fundargerðirnar lagðar fram.

6. Fundargerðir stjórnar SSNE frá 48. og 49. fundi

Fundargerðirnar lagðar fram.

7. Fundargerð stjórnar Hafnarsamlags Norðurlands frá 277. fundi

Fundargerðin lögð fram.

8. Fundargerð HNE frá 228. fundi

Fundargerðin lögð fram.

9. Fundargerð stjórnar Norðurorku frá 282. fundi

Fundargerðin lögð fram.

10. Fundargerð stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga frá 919. fundi

Fundargerðin lögð fram.

11. Fundargerð aðalfundar Amtmannssetursins á Möðruvöllum

Fundargerðin lögð fram.

12. Barnaverndarþjónusta, samningur síðari umræða

Samningurinn lagður fram, en hann var til fyrri umræðu á síðasta fundi sveitarstjórnar. *Sveitarstjórn samþykkti samninginn.*

13. Breyting á samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar, síðari umræða.

Tillaga að breytingu lögð fram, en hún er óbreytt frá tillögu sem var til fyrri umræðu á síðasta fundi sveitarstjórnar. *Sveitarstjórn samþykkti breytingarnar.*

14. Samstarfssamningur um HNE.

Lögð fram tillaga að samstarfssamningi um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem átta sveitarfélög á Norðurlandi eystra gera með sér um skipan heilbrigðisnefndar Norðurlands-svæðis eystra og rekstur heilbrigðiseftirlits. Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti samninginn fyrir sitt leyti.

15. Gjaldskrá SBE

Lögð fram tillaga að gjaldskrá sem taki yfir alla þá þjónustu sem innheimt er fyrir í skipulags- og byggingarmálum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti gjaldskrána og við gildistöku hennar fellur úr gildi gjaldskrá nr. 12/2018 fyrir framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu í Hörgársveit, sem og eldri gjaldskrá vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar frá 2018.

16. Ferðafélagið Hörgur erindi v. Baugasels

Lagt fram erindi þar sem leitað er eftir samstarfi við sveitarfélagið varðandi Baugasel.

Sveitarstjórn samþykkti að rætt verði við bréfitara.

17. Innviðaráðuneytið, hvatning um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Erindið lagt fram.

18. Ársreikningur Hörgársveitar 2022, fyrri umræða

Lagður fram ársreikningur fyrir árið 2022.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa ársreikningi Hörgársveitar fyrir árið 2022 til síðari umræðu.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 12:15